



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2009 og 2010

Nóvember 2010

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2009 og 2010. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2009 og 2010.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um rúmlega 1% fyrstu níu mánuði ársins 2010 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2009. Þetta er minni fjölgun og var í samanburði fyrstu þrjú mánuði áráanna 2009 og 2010, og fyrstu 6 mánuði áráanna 2009 og 2010, en fjölgunin þá var um 3%. Fjöldi tilkynninga var 7.006 fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 6.923 fyrstu níu mánuði ársins 2009. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um tæplega 2%, en fjölgunin á landsbyggðinni var tæplega 7%. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 47,1% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 46,3% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Alls voru 31,3% tilkynninga vegna vanrækslu fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 35,2% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 21,1% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 18,0% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,5% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 0,4% fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu níu mánuði ársins 2010 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,7%. Fyrstu níu mánuði ársins 2009 var hlutfallið 8,9%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,0% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 2,6% fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 50,3% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 50,2% fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu níu mánuði ársins 2010 var 5.773 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2009 var 5.720 börn. Tilkynnt var því um tæplega 1,0% fleiri börn fyrstu níu mánuði ársins 2010 en fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 109 fyrstu níu mánuði ársins 2010 en 115 fyrstu níu mánuði ársins 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 76,2% umsókna fyrstu níu mánuði ársins 2010 og 76,5% árið 2009. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði tímabilin, en 61,5% umsókna fyrstu níu mánuði ársins 2010 voru fyrir drengi og 50,4% árið 2009. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,8 ár fyrstu níu mánuði ársins 2010.

Alls bárust 59 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2010 um Fjölkerfameðferð (MST), en 46 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2009. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölpættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex. Meðalaldur barnanna sem sótt var um fyrir var 14,8 ár árið 2010. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur eða 57,6% fyrstu 9 mánuði ársins 2010 og 65,2% fyrir sama tímabil 2009.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 77 í 93 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 81,7% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 77,9% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 71% umsókna fyrstu níu mánuði ársins 2010 og 71,4% árið 2009. Fyrstu 9 mánuði ársins 2010 var sótt um fyrir 47 stúlkur og 46 drengi, en umsóknir voru fyrir drengir í 55,8% tilvika fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 176 fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 181 fyrstu níu mánuði ársins 2009. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 66,5% fyrstu níu mánuði ársins 2010 og 75,1 % fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Fyrstu níu mánuði ársins 2010 voru 199 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en 192 vistanir fyrir sama tímabil árið 2009. Vistunardögum fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil árið á undan úr 1.160 dögum í 1.147 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu níu mánuði ársins 2010 var 85, en 88 einstaklingar komu í neyðarvistun fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2010 miðað við sama tímabil 2009. Samtals bárust 43 umsókn fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 54 fyrir sama tímabil árið 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.311	47,8	3.246	46,3
Seltjarnarnes	50	0,7	27	0,4
Kópavogur	539	7,8	632	9,0
Garðabær	114	1,6	101	1,4
Hafnarfjörður	516	7,5	528	7,5
Álftanes	68	1,0	79	1,1
Reykjanesbær	441	6,4	427	6,1
Grindavík	86	1,2	77	1,1
Sandgerði	163	2,4	231	3,3
Mosfellsbær	248	3,6	177	2,5
Akranes	125	1,8	92	1,3
Borgarfjarðar og Dala	39	0,6	23	0,3
Snæfellinga	35	0,5	17	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	99	1,4	142	2,0
Vesturbyggð og Tálknafjörður	11	0,2	15	0,2
Húnaþing vestra	23	0,3	29	0,4
A-Hún	19	0,3	55	0,8
Skagafjörður	58	0,8	45	0,6
Útey	70	1,0	75	1,1
Eyjafjörður	271	3,9	279	4,0
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	100	1,4	80	1,1
Fljótsdalshérað	69	1,0	45	0,6
Fjarðabyggð	50	0,7	82	1,2
Hornafjörður	29	0,4	31	0,4
Árborg	127	1,8	126	1,8
Uppsveitir Árnassýslu	35	0,5	22	0,3
Hveragerði	30	0,4	36	0,5
Ölfus	6	0,1	9	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	34	0,5	48	0,7
Vestmannaeyjar	157	2,3	230	3,3
Samtals	6.923	100,0	7.006	100,0

*Barnav. Grímseyjar sameinaðist barnav. Eyjafjarðar 1. júní 2009.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	4.846	70,0	4.790	68,4
Landsbyggð	2.077	30,0	2.216	31,6
Samtals	6.923	100,0	7.006	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.501	43,7	2.531	43,8
Seltjarnarnes	39	0,7	27	0,5
Kópavogur	467	8,2	520	9,0
Garðabær	109	1,9	95	1,6
Hafnarfjörður	452	7,9	455	7,9
Álftanes	51	0,9	59	1,0
Reykjanesbær	364	6,4	383	6,6
Grindavík	82	1,4	68	1,2
Sandgerði	159	2,8	170	3,0
Mosfellsbær	237	4,1	160	2,8
Akranes	106	1,9	79	1,4
Borgarfjarðar og Dala	38	0,7	23	0,4
Snæfellinga	33	0,6	17	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	95	1,7	116	2,0
Vesturbyggð og Tálknafjörður	11	0,2	14	0,2
Húnaþing vestra	23	0,4	24	0,4
A-Hún	19	0,3	35	0,6
Skagafjörður	57	1,0	38	0,7
Útey	62	1,1	75	1,3
Eyjafjörður	218	3,8	247	4,3
Grimsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	92	1,6	72	1,2
Fljótsdalshérað	63	1,1	41	0,7
Fjarðabyggð	48	0,8	79	1,4
Hornafjörður	26	0,5	31	0,5
Árborg	125	2,2	126	2,2
Uppsveitir Árnassýslu	31	0,5	19	0,3
Hveragerði	30	0,5	34	0,6
Ölfus	6	0,1	5	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	32	0,6	44	0,8
Vestmannaeyjar	144	2,5	186	3,2
Samtals	5.720	100,0	5.773	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	3.856	67,4	3.847	66,6
Landsbyggð	1.864	32,6	1.926	33,4
Samtals	5.720	100,0	5.773	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 9 mánuði 2009		Fyrstu 9 mánuði 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	(2.688)	(47,0)	3.707	64,2

*Þess ber að geta að tölurnar milli 2009 og 2010 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar vegna breytinga á sískráningu í byrjun árs 2010.

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.436	35,2	2.192	31,3
Líkamleg vanræksla	109	1,6	108	1,5
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	1.970	28,5	1.860	26,5
	614	8,9	539	7,7
Vanræksla varðandi nám	83	1,2	75	1,1
Tilfinningaleg vanræksla	314	4,5	187	2,7
Ofbeldi	1.249	18,0	1.476	21,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	523	7,6	808	11,5
*þar af heimilisofbeldi	182	2,6	278	4,0
Líkamlegt ofbeldi	414	6,0	379	5,4
Kynferðislegt ofbeldi	322	4,7	313	4,5
Áhættuhegðun	3.208	46,3	3.303	47,1
Neysla barns á vímuefnum	453	6,5	630	9,0
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	828	12,0	687	9,8
Afbrot barns	1.478	21,3	1.498	21,4
Barn beitir ofbeldi	301	4,3	383	5,5
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	183	2,6	143	2,0
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	30	0,4	35	0,5
Tilkynningar alls	6.923		7.006	
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	131		137	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	36	0,5	40	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	376	5,4	320	4,6
Nágrannar	553	8,0	543	7,8
Önnur barnaverndarnefnd	177	2,6	136	1,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	142	2,1	122	1,7
Lögregla	3.474	50,2	3.521	50,3
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	651	9,4	614	8,9
Leikskóli/gæsluforeldri	137	2,0	102	1,5
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	432	6,2	458	6,5
Foreldrar barns	615	8,9	686	9,8
Aðrir	330	4,8	464	6,6
Samtals	6.923	100,0	7.006	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	49	42,6	44	40,4
Götusmiðjan	38	33,0	29	26,6
Langtímameðferð	28	24,3	36	33,0
Samtals	115	100,0	109	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	48	41,7	50	45,9
Nágrenni Reykjavíkur*	40	34,8	33	30,3
Landsbyggð	27	23,5	26	23,8
Samtals	115	100,0	109	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	58	50,4	67	61,5
Stúlkur	57	49,6	42	38,5
Samtals	115	100,0	109	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Meðalaldur barna	15,8		15,8	

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	20	43,5	22	37,3
Aðrir*	26	56,5	37	62,7
Samtals	46	100,0	59	100,0

*Þjónustuvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	30	65,2	34	57,6
Stúlkur	16	34,8	25	42,4
Samtals	46	100,0	59	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2009	Fyrstu 9 mán 2010
	Meðalaldur barna	14,9

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	60	77,9	76
Varanlegt	6	7,8	5	5,4
Styrkt	11	14,3	12	12,9
Samtals	77	100,0	93	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	39	50,6	45
Nágrenni Reykjavíkur*	16	20,8	21	22,6
Landsbyggð	22	28,6	27	29,0
Samtals	77	100,0	93	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	43	55,8	46
Stúlkur	34	44,2	47	50,5
Samtals	77	100,0	93	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	13,5		10,2	
Varanlegt	14,7		12,1	
Styrkt	12,1		13,3	
Samtals	13,3		10,7	

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 9 mánuði	
	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	181	176
a. Skýrslutökur	40	38
b. Könnunarviðtöl	141	138
Greiningar-og meðferðarviðtöl	94	79
Læknisskoðanir	27	13

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 9 mánuði		Fyrstu 9 mánuði	
	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	45	24,9	59	33,5
Stúlkur	136	75,1	117	66,5
Samtals	181	100,0	176	100,0

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Vistanir, vistunardagar og fjöldi einstaklinga*

	Fyrstu 9 mánuði	
	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	192	199
Vistunardagar	1.160	1.147
Fjöldi einstaklinga	88	85

*Hér er átt við fjölda vistana það sem af er árinu, heildarfjölda vistunardaga og fjölda einstaklinga vistaðir á árinu.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 9 mánuði		Fyrstu 9 mánuði	
	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	39	44,3	48	56,5
Stúlkur	49	55,7	37	43,5
Samtals	88	100,0	85	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 9 mán 2009		Fyrstu 9 mán 2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	27	50,0	20	46,5
Vesturland	7	13,0	4	9,3
Vestfirðir	2	3,7	0	0,0
Norðurland	8	14,8	9	20,9
Austurland	2	3,7	2	4,7
Suðurland	6	11,1	5	11,6
Reykjanes	2	3,7	2	4,7
Fólk búsett erlendis	0	0,0	1	2,3
Samtals	54	100,0	43	100,0